

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 6.3.2024  
UST202402-036/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Þykktarmælingar á lýsis- og olíugeymum - Olíudreifing ehf., Akureyri, geymir nr. 603.14.00 (T1105)**

Umhverfisstofnun bárust þann 22. febrúar sl. þykktarmælingar á geymi Olíudreifingar ehf., Krossanesi, Akureyri. Geymirinn hefur fastanúmerið T1105 og eigendanúmerið 603.14.00 í olíubirgðastöð rekstraraðila að Krossanesi. Geymirinn er 114 m<sup>3</sup>, liggjandi stálgeymir en smíðaár hans kemur ekki fram í skýrslunni.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli A. Guðmundsson og Andre Sandö hjá HD ehf., Kópavogi, þann 26. janúar 2024. Notað var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage) ser#8440313 og Olympus D7910 5 MHz própa ser#1394385. Var belgur geymisins mældur ásamt endalokum.

Fram kemur í UTM skýrslu nr. TM-240106-T1105-26-JAN-23 frá HD ehf., að geymirinn lítur vel út að utan og er málaður. Fram kemur að ekki hefi gefist tækifæri til að skoða geymirinn innanverðu. Minnsta efnisþykkt var 5,7mm en ekki kemur fram í skýrslunni hvort um einhverja pitti hafi verið að ræða.

Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf., um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Þykktarmæla skal botn og neðsta umfar eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
teymisstjóri

